



Tillögur í öryggisátt

Reykjanesbraut norðan Ásbrautar 27. desember 2008

Útgáfudagur skýrslu 23.6.2009

Tryggja ber að brotstaurar sem notaðir eru hafi hlotið vottun þar til bærra aðila og að þeir virki eins og til er ætlast.

Tillaqan var send á Vegagerðina

Siglufjarðarvegur við Sandvík 16. september 2008

Útgáfudagur skýrslu 3.3.2009

Þar sem slysið varð liggur vegurinn nærri klettabelti sem endar í fjöruborði Sandvíkur. Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til Vegagerðarinnar að skoða með hvaða hætti sé hægt að tryggja að vegfarendur geti ekki lent í því að fara fram af klettabeltinu og ofan í sjóinn.

Tillaqan var send á Vegagerðina

Djúpvegur við Botnsá 29. ágúst 2008

Útgáfudagur skýrslu 24.2.2009

Vegrið

Að mati rannsóknarnefndarinnar er lengd vegriða við brúna og frágangur á enda þeirra ekki fullnægjandi. Vegriðin eru of stutt og varna því ekki að ökutæki hafni í ánni ef ökumenn missa stjórn á ökutækjum framan við brúna. Þá eru steiptir stólpar við enda vegriðanna sem valda miklum skemmdum á ökutækjum verði ákeyrsla við þá. Hvað varðar þennan tiltekna vegarkafli er útlit fyrir að nýr vegur leysi hann af hólmi þó einhver umferð verði þar áfram.

Ábending þessi varðar aðrar brýr þar sem viðlíka aðstæður eru og ófyrirséð hvenær þeim verður skipt út. Þessi mannvirki þarf að laga í samræmi við nýjustu staðla Vegagerðarinnar.

Tillaqan var send á Vegagerðina

Þjálfun nýliða í umferðinni

Orsök slyssins við Botnsá eru dæmigerð mistök nýliða í umferðinni. Ökumaður hafði litla reynslu af akstri og enga reynslu af akstri á malarslitlagi. Ökumaður mat aðstæður rangt, þrátt fyrir merkingar um hættuna framundan, hann ók of hratt í krappa beygju á malarslitlagi, bifreiðin skrifaði til og hafnaði utan vegar. Að mati RNU er um dæmigerð aksturstæknileg mistök að ræða sem á að vera hægt að þjálfa ökumenn í ökugerði. Rannsóknarnefndin ítrekar fyrri ábendingar sínar um byggingu ökugerða á Íslandi.



Suðurlandsvegur við Hvammsveg 11. apríl 2008

Útgáfudagur skýrslu 29.1.2009

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til fyrirtækja og stofnana að þau geri áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi m.t.t öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi skv. 65. grein a laga nr. 46/1980. Fyrirtæki og stofnanir þurfa að upplýsa starfsmenn sína um þá hættu sem öikumönnum og öðrum vegfarendum getur stafað af þreytu. Sérstaklega þurfa fyrirtæki og stofnanir sem eru með starfsmenn í akstri á nóttunni að halda uppi fræðslu um þá auknu slyshættu sem akstur að næturlagi skapar.

Tillagan var send m.a. Vinnueftirlitinu sem útbjó í framhaldinu dreifibréf sem sent var til fjölmargra fyrirtækja sem stunda flutningastarfsemi eða að akstur er verulegur hluti starfssemi þeirra. Auk Vinnueftirlitsins var skýrslan send til ASÍ, Eflingar, Félagsmálaráðuneytisins, Samtökum Atvinnulífsins.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa áréttar fyrri ábendingar sínar um nauðsyn þess að aðgreina akstursstefnur á Suðurlandsvegi til að fyrirbyggja harðar framanákeysrslur.

Tillagan var send á Vegagerðina

Reykjavíkurvegur við Stakkahraun 19. mars 2008

Útgáfudagur skýrslu 29.1.2009

Á slysavettvangi er Reykjavíkurvegur fjórar akreinar, tvær fyrir umferð suður og tvær fyrir umferð norður í átt að Álftanesi. Miðeyja aðskilur akreinar í hvora stefnu. Á móts við Stakkahraun er eyjan rofin og leyfir beygjuumferð bæði fyrir þá sem koma eftir Stakkahrauni og ætla suður Reykjavíkurveg, en einnig fyrir þá sem koma að norðan og ætla að beygja inn í Stakkahraun. Ökumaður sem ekur Stakkahraun með fyrirhugaða akstursstefnu suður Reykjavíkurveg neyðist til að þvera tvær akreinar Reykjavíkurvegar í norður, stöðva við miðeyjuna og sæta færís á að komast inn á suðurakreinar.

Þessi gatnamót eru flókin og erfið yfirferðar, sérstaklega fyrir ökumenn sem aka frá Stakkahrauni og suður Reykjavíkurveg. Til viðbótar er göngustígur meðfram Reykjavíkurvegi sem þverar Stakkahraun og tengingar til og frá verslunum inn á Stakkahraun eru mjög nálægt gatnamótunum.

Ökumenn þurfa að huga að mörgu samtímis við þessar aðstæður og getur það reynst hættulegt, sér í lagi óvönnum bílstjórum og eldri bílstjórum. Að mati Rannsóknarnefndarinnar er um afara óheppilega útfærslu á gatnamótum að ræða og hvetur nefndin Vegagerðina til að skoða aðrar öruggari lausnir á þessum stað.

Tillagan var send á Vegagerðina



Vesturgata Akranesi 18. febrúar 2008

Útgáfudagur skýrslu 30.10.2009

Rannsóknarnefnd umferðarslysa leggur til við löggjafann að við endurskoðun umferðarlaga verði kveðið á um að hækka ökuleyfisaldur upp í 18 ár. Ýmis rök má færa fyrir þess háttar breytingu. Líklegt er að hækkinin hafi jákvæð umferðaröryggisleg áhrif. Áhrifin eru tvíþætt, annars vegar myndi ökuönnnum fækka og heildarfjöldi ekinna km minnka sem myndi leiða af sér fækkun slysa. Einnig kæmi hugsanlega til fækkun slysa vegna meiri þroska byrjenda í umferðinni. Að mati nefndarinnar vegur það einnig þungt að fólk verður ekki lögráða á Íslandi fyrr en við 18 ára aldur. Reglulega hafa orðið alvarleg slys, stundum banaslys, þar sem orsakavaldurinn er barn samkvæmt skilningi laganna. Að mati nefndarinnar gengur það einfaldlega ekki upp að ætla ólögráða einstaklingi þá ábyrgð sem ökuréttindum fylgir.

Tillaqan var send á nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaqanna .

Á undanförunum 8 árum hafa orðið tvö banaslys vegna vítaverðs aksturs á Akranesi. Að auki hafa orðið á undanförunum árum nokkur alvarleg slys innanbæjar á Akranesi þar sem orsök má rekja til gáleysis og hraðaksturs. Rannsóknarnefndin beinir því til lögreglunnar á Akranesi að herða umferðareftirlit á Akranesi með sérstakri áherslu á að stemma stigu við of hröðum akstri innanbæjar.

Tillaqan var send sýslumanninum á Akranesi.

Hrútafjarðarháls við Svertingsstaði 9. janúar 2008

Útgáfudagur skýrslu 29.1.2009

Að mati Rannsóknarnefndar umferðarslysa ber nauðsyn til að endurskoða reglur um mat á akstursfærni aldraðra og sjúkra ökumanna. Skilgreina þarf mun betur en nú er gert hvaða kröfur beri að gera um líkamlega og andlega færni til aksturs, sbr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar ábendingu sem kom fram í varnaðarskýrslu um skert ökuhæfni vegna veikinda sem nefndin gaf út árið 2007. Að mati nefndarinnar hefur ekki tekist nægjanlega vel til að framfylgja ákvæðum um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til ökumanna í íslenskum lögum og reglum. Telur nefndin þörf að stjórnvöld endurskoði þær reglur sem hér gilda um kröfur til heilsufars ökumanna og framkvæmd þeirra.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur samgönguráðherra til að setja leiðbeinandi reglur um meðferð mála er varða útgáfu og endurnýjun ökuskírteinis eins og fram kemur í 21. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur ökumenn sem eru í áhættuhópi vegna aldurs, veikinda eða lyfjanotkunar til að bregðast við af ábyrgð og gangast undir skoðun á ökuhæfi sínu hjá læknum og stjórnvöldum.

Tillaqan var send á Landlækni og Samgönguráðuneytið.